

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn 16. janúar 2023 kl. 15.00 2022

Mættir: Magnús Elfar Thorlacius foreldrafulltrúi, Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir foreldrafulltrúi, Hrönn Guðfinnsdóttir kennarafulltrúi, Óliver Þór Stefánsson 9.b, Rúnar Gauti Gíslason 9.b, Díana Dan Jónsdóttir 10.b, Sigrún Huld Pálmarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri bauð skólaráðsmenn velkomna til fundar og bauð gleðilegt ár. Gengið til dagskrár.

1. Skóladagatal 2023-2024

Farið yfir grunnskjal næsta skólaárs frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og forsendur þess ræddar, t.d. um að nemendur eigi 180 skóladaga á hverju skólaári að fjöldi starfsdaga sé tiltekinn o.fl. Verið er að vinna að samræmingu haust- og vetrarfrís við skóla á Suðurlandi.

2. Þróunarverkefni í upplýsingatækni, staðan og framtíðarsýn

Hófum þessa vegferð í janúar 2022. Sjónvörp eru komin í stofur 6. - 10. bekkja.

Fartölvur eru komnar í hendur allra kennara.

Bættum þráðlausa netið með því að fjölga ráterum.

Endurmenntun í upplýsingatækni – kennarar sóttu UTIS online í sept.

Ipadar í 1. - 5. bekk, eitt stk. á hverja tvo nemendur.

Verkefnastjóri í 50% starf. Sér m.a. um tæknimál, kennsluráðgjöf, kerfisuppbyggingu.

Núna í upphafi 2023 eru nemendur í 8.-10.bekk komnir með

tölvu til láns. Tölvurnar verða í eigu skólans en nemendur geta tekið þær heim þegar gerður hefur verið samningur við nemendur og foreldra.

Sjónvörp verða komin í allar kennslustofur í lok árs.

Fjöldgum spjaldtölvum fyrir nemendur og kennara í yngri bekkjum

Áfram er nauðsynlegt að sinna endurmenntun kennara.

3. Nemendakönnun skólapúlsins í 2.-5.bekk haustið 2022

Skólastjóri kynnti niðurstöðurnar.

4. Önnur mál

Rætt um netnotkun ungra barna, símanotkun í skólanum og áreiti frá sínum.

Kynferðisáreiti á netinu barst í tal sem og námskrár skólans í kynfræðslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:45

Jónína Magnúsdóttir, fundarritari